

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 16.05.2011
Málsnúmer: EVR10100116
Bréfalykill: 4.1

Efni: Um viðbótarumsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði.

Ráðuneytið sendi þann 4. f.m. viðskiptanefnd Alþingis minnisblað um umsagnir umsagnaraðila um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði. Nú hefur borist viðbótarumsögn frá Fjármálaeftirlitinu og fjallar minnisblað þetta um þá umsögn.

Í minnisblaði ráðuneytisins frá 4. f.m. er fjallað um umsagnir um 30. gr. og þar kemur fram að viss hættu sé á mismunandi túlkun á tilvísun til "annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu". Umsögn Fjármálaeftirlitsins lýtur að þessu. Þannig leggur Fjármálaeftirlitið til að tilvísun í 39. gr. til "fjárfestingasjóða" verði breytt til samræmis við orðanotkun 3. tölul. 30. gr. og vísað til "annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem uppfylla ákvæði 3. tölul. 30. gr.". Telur ráðuneytið tillögu þessa afmarka ákvæðið betur en texti frumvarpsins gerir og styður hana.

Fjármálaeftirlitið leggur einnig til að bætt verði nýrri málsgrein við 39. gr. frumvarpsins, 3. málsgrein, svohljóðandi:

Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

Tilgangur ákvæðisins er að tryggja víðari áhættudreifingu og styður ráðuneytið tillögu Fjármálaeftirlitsins.

Í minnisblaði ráðuneytisins frá 4. f.m. kemur fram að ráðuneytið telji eðlilegt að Fjármálaeftirlitinu sé gefinn kostur á að fjalla ítarlegar um tillögu sína að breyttri framsetningu þess kafla frumvarpsins sem fjallar um fagfjárfestasjóði. Í viðbótarumsögn eftirlitsins er tillaga þess skýrð nánar og getur ráðuneytið fallist á tillögu þess.